

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Samband íslenzkra samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárúthboði.

4. gr.

Hlutfé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Einkabönkum er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir, svo og opinberum sjóðum í landinu að áskildu samþykki ríkisstjórnar. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G**um Útflutningsláнасjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð, er nefnist Útflutningslána-sjóður.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlána-sjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslána sjóðs er:

- a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,
- b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðn- greinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántök- um hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

4. gr.

Um stjórn sjóðsins og rekstur fer eftir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. maí 1966.

7. gr.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengu- um tillögum sjóðsstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.